

01.06 2012

Embracing our Vision Designing our Future.
Frá orðum til athafna.

Ágætu formenn deilda.



Fyrsti gönguhópurinn.

Það voru 8 hressar DKG konur sem mættu til leiks á miðvikudaginn klukkan 17:00 við Nauthól í Nauthólsvík. Fimm þessara kvenna koma úr Alfa deild, flott Marta, þú hefur náð til þinna kvenna.

Gönguhópnum stýrði hinn bráðhressi íþróttakennari Margrét Jónsdóttir úr Gamma deild sem arkaði af stað með okkur í eftirdragi, lét okkur stoppa inn á milli, dást að útsýninu, skoða fornar minjar og gera léttar æfingar. Sumar mættu á táskóm með flott veski á öxlinni, sem gerði ferðina litríkari og skemmtum við okkur konunglega.

Margrét hefur í framhaldinu verið ráðinn sérlegur leiðbeinandi og stjórnandi gönguhópsins.

Tilgangurinn var og verður að ganga saman vikulega og undirbúa okkur fyrir Reykjavíkumaraþonið þann 18 ágúst. Við ætlum að fjölmenna þar og ganga saman skreyttar gylltum borðum og rauðum rósum og safna áheitum til sérstaks verkefnis sem enn hefur ekki verið ákveðið og við biðjum um hugmyndir fyrir verðug verkefni sem við getum styrkt.

Nú er um að gera að fjölmenna í gönguferðirnar kæru DKG konur þegar þið getið.

Næsta gönguferð verður fimmtudaginn 7. júní klukkan 17:00 í Nauthól.

Athugið að vikudagarnir eru ekki þeir sömu, valdir með það í huga, að sem flestar geti mætt.

Við höfum valið þriðjudaga, miðvikudaga og fimmtudaga til skiptis.

fimmtudaginn 7. júní

þriðjudaginn 12. júní.

Miðvikudaginn 20. júní

Fimmtudaginn 28. júní

Skráið dagsetningarnar strax inn í dagbækurnar ykkar.

Vorþing



Á myndinni má sjá Sigrúnu Klöru Hannesdóttur fyrrverandi annan varaforseta alþjóðasamtaka DKG. Hún er ein af stofnfélögum DKG á Íslandi. Sigrún Klara ávarpaði og færði Þuríði Kristjánsdóttur fyrsta forseta DKG á Íslandi gjöf, en Þuríður átti 85 ára afmæli þennan sama dag. Á myndinni er dr. Jensi P.

Souders alþjóðaforseti að lesa upp bréf sem hún færði Þuríði í tilefni dagsins. Lengst til hægri situr Kristín Jóhannesdóttir formaður menntamálanefndar og stjórnandi þingsins.

Vorþingið í Þjóðmenningarhúsinu 28. apríl var mjög vel heppnað. 75 konur mættu til leiks. Sama dag var fjölmenn kennararáðstefna haldin á Akureyri og áttu okkar konur að norðan því ekki heimangengt af þeim sökum, var þeirra saknað.

Ég vil sérstaklega þakka menntamálanefndinni undir stjórn Kristínar Jóhannesdóttur í Alfa deild fyrir glæsilega dagskrá. Alþjóðaforsetinn dr. Jensi P. Souders var sérstaklega hrifin og fannst þingið glæsilegt og menningarlegt og okkur til sóma. Þakkarbréf hennar sem hún sendi alþjóðasamtökunum er inni á vefsíðu okkar. Þjóðmenningarhúsið er glæsileg umgjörð utan um þing sem þetta og eiga allir starfsmenn þess þakkir skilið fyrir frábæra þjónustu og liðlegheit við samtökin.

Nýjar stjórnir.

Nú eiga allar stjórnir að hafa lokið aðalfundarstörfum.

Þann 1. júlí taka nýjar stjórnir formlega við, fram að því starfa fyrri stjórnir og sendi ég því póstinn á fráfarandi formenn þangað til. Ég bið ykkur um að senda nöfn og netföng nýrra stjórna til formanns félags og útbreiðslunefndar Elínborgar Sigurðardóttur í Epsilon deild elinborg@skolasud.is og mín siggaragna@gmail.com, sem og formanna og ítreka að allir formenn eiga að hafa sent út til höfuðstöðvanna eyðublað með nöfnum nýs formanns og gjaldkera. Nöfn nýrra kvenna sem teknar hafa verið inn í deildirnar þarf einnig að senda til Elínborgar, Guðbjargar Sveinsdóttur gjaldkera gugga@mitt.is og mín.

Fundir.

Eta deild hélt upp á 15 ára afmæli deildarinnar 15. maí með veglegum aðalfundi og var ég gestur þeirra. Á fundinum voru teknar inn tvær konur. Ein deildarkvenna Tanya Dimitrova leikskólastjóri tróð upp með dansatriði og fékk í lok atriðsins allar konur með sér út á gólf í fjörugan dans. Dansinn reyndist erfiðari viðureignar en hann leit út fyrir.

Aðalfundur Alfa deildar var haldinn 21. maí heima hjá Ingibjörgu Elsu Guðmundsdóttur. Frú Vigdís Finnbogadóttir heiðursfélagi DKG á Íslandi var gestur fundarins og sagði okkur frá starfi sínu sem alþjóðlegur sendiherra UNESCO. Var sérlega skemmtilegt og áhugavert að hlusta á hið mikla starf sem frú Vigdís er að vinna á þeim vettvangi.

Beta deild verður 35 ára næstkomandi laugardag og verð ég gestur þeirra.

Fundur vegna ferðar til New York verður haldinn að Skildinganesi 48, 12. júní kl. 17:00 Alþjóðapingið verður í New York City, 23. – 29. Júlí.

Styrkveitingar:

Þær konur sem verða með erindi í New York eiga rétt á að sækja um styrk frá landssambandinu.

Umsóknarfrestur rennur út 15. júní fyrir alþjóðapingið í New York.

Stjórn landssambandsins hefur ákveðið að sækja þurfi um styrki fyrirfram, það er fyrir þann fund eða þing sem umsækjandi hyggst sækja. Á netinu, heimasíðu okkar, er umsóknareyðublað frá gjaldkera.

Mikið væri gaman ef fleiri konur bættust við á listann til New York. Enn er lag, þetta verður einstök upplifun fyrir alla þátttakendur.

Framkvæmdaráðsfundurinn verður haldinn laugardaginn 1. september í Þjóðmenningarhúsinu við Hverfisgötu.

Aðalfundurinn verður haldinn á Selfossi, dagsetningin verður ákveðin innan skamms.

Læt í lokin fylgja með mynd úr Höfða, en þar fengum við sérstakt leyfi og leiðsögn að skoða húsakynni fyrir alþjóðaforsetann og eiginmann hennar, sem var með í för. Formaður Alfa deildar Marta Guðjónsdóttir útvegaði skoðunarferðina fyrir þau.



Njótið sumarsins,
Sigríður Ragna Sigurðardóttir
forseti landssambandsins

